



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 3.2.2022.
Mál nr: 202201-0031

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um orlofshúsnæði
örorkulífeyrisþega, 98. mál.**

Alþýðusamband Íslands styður efni þeirrar tillögu sem umsögn er gefin um og hvetur eindregið til að réttarstaða örorkulífeyrisþega í þessu efni verði könnuð og í framhaldinu bætt.

ASÍ vill vekja sérstaka athygli á því, að staða þeirra örorkulífeyrisþega sem ekki hafa verið á vinnumarkaði og safnað réttindum á grundvelli iðgjalda sem greidd hafa verið vegna þeirra til orlofssjóða stéttarfélaganna, er sérstaklega slæm í þessu efni en þeir eiga almennt ekki aðgang að orlofshúsum stéttarfélaganna.

Hvað varðar stöðu þeirra sem verið voru á vinnumarkaði þegar réttur til örorkulífeyris stofnaðist, þá gerði ASÍ könnun á henni á árinu 2017 á meðal aðildarféлага sinna. Þar kom fram að í 27 af 44 aðildarfélögum ASÍ sem skipuleggja um 70% allra félagsmanna aðildarféлага ASÍ, njóta félagsmenn sem farið hafa á örorkulífeyri fullra réttinda vegna dvalar í orlofshúsum félaganna. Í félögum sem skipuleggja um 30% félagsmanna er þeim ýmist heimilt að tæma inneign sína þó þeir hafi látið af störfum eða geta fengið úthlutun næst á eftir fullgildum félagsmönnum. Aðildarfélög ASÍ hafa á síðustu árum jafnframt lagt áherslu á, eins og þeim er skylt að lögum að gera, að bæta bæði aðgengi og aðbúnað í orlofshúsum sínum.

Virðingarfyllst,
f.h. Alþýðusambands Íslands,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Magnús M. Norðdahl', is written over a light blue circular stamp.

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.